

Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík

Norðurlandi eystra, 5. apríl 2024

Efni: Umsögn um drög að borgarstefnu.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt á fundi stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) sem haldinn var 3. apríl síðastliðinn.


Stjórn SSNE fagnar framkomnum drögum að borgarstefnu sem nú liggja til umsagnar á Samráðsgátt stjórnvalda enda er það í samræmi við Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2020-2024 að unnin sé slík stefna og borgarhlutverk Akureyrar viðurkennt.

Stjórn telur að með farsælli innleiðingu borgarstefnu geti opnast fjölmörg tækifæri fyrir fjölbreyttari búsetukosti á Íslandi og bættri samkeppnishæfni landsins. Mikilvægt er að borgarstefna leiði til markvissari og betri þjónustu við íbúa og styðji þar að auki við þjóðaröryggi með því að byggja upp þjónustu og borgarinnviði á tveimur ólíkum stöðum á landinu.

Í þeirri vinnu sem farið verður í á grundvelli borgarstefnu leggur stjórn SSNE sérstaka áherslu á að skilgreind verði svæðisbundið hlutverk borganna tveggja, en einnig hlutverk þeirra og ábyrgð á landsvísi, þar sem sérstaklega verði horft til innviða er snúa að öryggis-, heilbrigðis- og menntamálum. Auk þess telur stjórn SSNE mikilvægt að sérstaklega verði horft til samgöngumála hvort heldur sem er í lofti, láði eða legi. Stjórn telur því mikilvægt að lögð verði fram metnaðarfull aðgerðaráætlun til að styðja við þá stefnu sem hér er lögð til, enda ljóst að þó samþykkt stefna sé ávallt mikilvægt skref eru það þó aðgerðirnar sem fylgja til að styðja við hafa úrslitaáhrif hvað varðar afdrif stefnunnar.

Með fyrirbyggjandi fyrstu borgarstefnu Íslands telur stjórn SSNE að stigið sé stórt skref í mótun framtíðarsýnar í byggðalegu tilliti og telur vert að fagna því sérstaklega. Stefnan snertir á mikilvægum málaflokkum sem stjórn SSNE styður og hvetur innviðaráðherra eindregið til að koma henni sem allra fyrst í form þingsályktunar og til samþykkar á Alþingi.

Fyrir hönd SSNE,



Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,
framkvæmdastjóri SSNE.